

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

420. fundur

Föstudaginn 23. janúar 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Skúlagata- upplýsingar
2. Frítt fyrir ungmenni – tillaga frá ungmennaráðum - ákvörðun
3. Uppfærsla á vef Strætó.is kynning
4. Öryggismál kínverskir vagnar kynning
5. Nýtt félag, samningar og starfsmannamál upplýsingar
6. Ársfundur/aðalfundur, ákveða dagsetningu – ákvörðun
7. Fundur ungmennaráði Reykjavíkur - upplýsingar
8. Skýrsla endurskoðunarnefndar Strætó – lögð fram.

1. Skúlagata - endastöð

Framkvæmdastjóri fór yfir hvaða aðgerða hefur verið gripið til á endastöðinn á Skúlagata. Fór yfir hljóðmælingar á vögnum, en þær gefa til kynna að hávaði sé innan marka. Stjórn ályktar að leitað sé allra leiða til að lágmarka ónæði eins og unnt er.

2. Frítt fyrir ungmenni

Tekin fyrir tillaga frá ungmennaráði Kópavogs og ungmennaráði Grafarvogs um frítt fyrir ungmenni í Strætó. Áætluð skipting á kostnaði eftir sveitarfélögin má sjá í meðfylgjandi töflu.

Áætluð kostnaðarskipting ef frítt upp að 16 ára aldri.

Árið 2026

Áætlaðar tekjur af 12 til 15 ára. 300.000.000

	Áætluð skipting
Reykjavíkurborg	167.361.198
Kópavogur	48.288.865
Hafnarfjörður	38.019.642
Garðabær	24.260.210
Mosfellsbær	16.540.504
Seltjarnarneskaupstaður	5.529.582
	<u>300.000.000</u>

3. Strætó.is

Framkvæmdastjóri fór yfir uppfærslu á vef straeto.is

4. Öryggismál vagna

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðu rannsóknar sem Ruter (Strætó í Osló) gerði á Yutong vögnum. Farið yfir hvaða ráðstafana Strætó hefur gripið til. Stjórnendur Strætó meta áhættu af misnotkun gagna eða vagna litla miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

5. Nýtt félag

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðu rannsóknar sem Ruter (Strætó í Osló) gerði á Yutong vögnum. Farið yfir hvaða ráðstafana Strætó hefur gripið til. Stjórnendur Strætó meta áhættu af misnotkun gagna eða vagna litla miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

Fundi slitið 10:05

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson